

Skólanámskrá heilsuleikskólans Heiðarsels



EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT	2
HEILSULEIKSKÓLINN HEIÐARSEL	3
SKÓLANÁMSKRÁ.....	3
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS	4
MEÐ OPNUM HUG OG GLEÐI Í HJARTA	5
HUGMYNDAFRÆÐI LEIKSKÓLANS	6
LEIKSKÓLANÁM	8
LEIKURINN.....	8
NÁM Í LEIK.....	9
NÁM Í DAGLEGU LÍFI LEIKSKÓLANS.....	9
NÁM Í SAMSKIPTUM.....	9
NÁM Í SKAPANDI STARFI OG SKAPANDI HUGSUN	9
NÁMSUMHVERFI.....	10
DAGLEGT LÍF	11
AÐLÖGUN NÝRRA BARNA	11
SÉRFRÆÐIPJÓNUSTA.....	11
GRUNNPÆTTIR MENNTUNAR	12
NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLANS.....	14
LÆSI OG SAMSKIPTI:	14
HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN:	16
SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI.....	18
SKÖPUN OG MENNING:	19
LÝÐRÆÐI OG JAFNRÉTTI:.....	20
MAT Á NÁMI OG VELFERÐ BARNA	22
FJÖLSKYLDAN OG LEIKSKÓLINN	23
UPPLÝSINGAFLÆÐI	24
HEFÐIR OG SIÐIR	24
TENGL SKÓLASTIGA	26
STARFSÁÆTLUN	27
MAT Á LEIKSKÓLASTARFI	27
HEIMILDASKRÁ	28

HEILSULEIKSKÓLINN HEIÐARSEL

Leikskólinn Heiðarsel tók til starfa þann 8. október 1990. Í leikskólanum eru 80 börn sem dvelja á fjórum aldursskiptum deildum. Leikskólinn er opinn frá kl. 7:45 til kl. 16:15 og fer dvalartími barnanna eftir óskum foreldra. Dvalartími barnanna getur verið fjórar til átta klukkustundir á dag. Þann 8. október árið 2004 tók leikskólinn að starfa eftir Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur og er markmið skólans að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á leik, hreyfingu, næringu og listsköpun í leik og starfi. Aðrar áherslur í starfi leikskólans eru læsi, stærðfræði og tónlist. Gæðamatskvarði leikskólans er svokölluð heilsubók barnsins en hún segir til um hvort markmiðum hafi verið náð eður ei. Einkunnarorð leikskólans eru hreyfing, næring, listsköpun og leikur.

Haustið 2012 var aðferðin Uppeldi til ábyrgðar formlega tekin í notkun og er meginmarkmið með stefnunni er að kenna börnum og unglingum sjálfsstjórn og sjálfsaga, taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og læra af mistökum í samskiptum. Stefnan þjálfar börn í að vera það sem þau vilja vera en ekki einungis að geðjast öðrum. Meginmarkmið með stefnunni er að kenna börnum og unglingum sjálfsstjórn og sjálfsaga, taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og læra af mistökum í samskiptum. Hún er leið til að ýta undir jákvæð samskipti og byggir á að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan með fáum en skýrum reglum (Gossen, 2007).

SKÓLANÁMSKRÁ

Námskrá Heiðarsels byggir á Aðalnámskrá leikskóla frá 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerðum fyrir leikskóla. Í námskránni er fjallað um þau gildi sem starfið í Heiðarseli byggist á og þá hugmyndafræði sem tekið er mið af. Lögð er áhersla á grunnþætti menntunar sem fram koma í Aðalnámskrá um samþætt og skapandi leikskólastarf. Litið er á leikinn sem mikilvægustu námsleið barna og er hlutverk kennarans að styðja við nám þeirra í gegnum leik og umhverfi.

Til að ná settum markmiðum voru valdar ákveðnar leiðir sem umgjörð utan um starfið. Uppeldi og menntun leikskólabarna er verkefni allra kennara í leikskólanum, þar sem þeir leggjast á eitt um að skapa börnunum gott, hlýlegt og fræðandi umhverfi. Í leikskólastarfi fléttast saman á ýmsan hátt hugtökin leikur, hreyfing, vinna og nám. Börn í leikskóla læra fyrst og fremst í leik og í daglegu starfi við eðlilegar og áþreifanlegar aðstæður. Líkamleg og andleg umönnun er forsenda

Þess að börn öðlist öryggiskennd og geti dafnað og lært af umhverfi sínu. Börnin þurfa að njóta sín sem einstaklingar en jafnframt að læra að vinna saman, eignast vini og öðlast heilbrigða samkennd. Skipulag og búnaður leikskóla stuðlar að því að vekja forvitni barna, efla sjálfstæði þeirra og frumkvæði, virkni, áhuga og gleði.

Starfsfólk leikskólans hefur útbúið aldursskiptar námskrár þar sem fram koma áherslur í starfi fyrir hvern og einn aldurshóp. Gul er fyrir 2ja ára börnin, rauð fyrir 3ja ára, græn er fyrir þau 4 ára og blá fyrir 5 ára börnin. Námskrárnar eru fyrir kennara og foreldra þar sem áhersla er lögð á að byggja ofan á þekkingu og færni barnanna.

Leikskólastarfið fléttast saman af fjölbreyttum námssviðum, námsþáttum, daglegu lífi og leik nemenda. Dagleg umönnun felst í því að annast hvern nemanda, líkamlega og andlega, af hlýju, gleði, áhuga og ábyrgðakennd. Námssvið leikskólans eflum við með starfi í anda heilsustefnunnar og tengjum það starf inn á stefnu Reykjanesbæjar sem ber yfirheitið Í krafti fjölbreytileikans. Stefnan samanstendur af framtíðarsýn, þremur gildum og sex stefnuáherslum (Reykjanesbær, 2021).

Í KRAFTI FJÖLBREYTTILEIKANS

Heildarstefna Reykjanesbæjar, sem ber yfirheitið Í krafti fjölbreytileikans og er vísun í mikilvægi þess að virkja þann fjölbreytta mannauð sem myndar ört stækkandi samfélag. Stefnan hefur tengt 12 Heimsmarkmið við stefnuáherslur sínar. Ásamt stefnunni er Heimsmarkmiðunum ætlað að varða leiðina í átt að framtíðarsýninni og hafa áhrif á starfsáætlanir og verkefnaval starfsmanna til ársins 2030.

Stefnan samanstendur af framtíðarsýn, sex stefnuáherslum og þremur gildum. Heimsmarkmiðin eru síðan tengd hverri stefnuáherslu en þær eru; börnin mikilvægust, vellíðan íbúa, vistvænt samfélag, fjölbreytt störf, kraftur fjölbreytileikans og skilvirk þjónusta. Frá samþykkt bæjarstjórnar hefur verið unnið að kynningu á nýju stefnunni og Heimsmarkmiðunum fyrir starfsmönnum Reykjanesbæjar. Formleg innleiðing á stefnunni hófst síðan í ársbyrjun 2020. Einnig hefur Reykjanesbær farið í þá vegferð að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og nefnist verkefnið Barnvænt sveitarfélag sem tengist inn í allt skólastarf bæjarins (Reykjanesbær, 2020).



MEÐ OPNUM HUG OG GLEÐI Í HJARTA

„Meginmarkmið menntastefnunnar er að skapa öllum börnum og ungmennum í Reykjanesbæ öruggt og hvetjandi umhverfi þannig að þeim líði vel, þau hafi tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra með opnum hug og gleði í hjarta.“

(Reykjanesbær, 2021). Þrjú leiðarljós stefnunnar sem eiga að einkenna allt starf með börnum og ungmennum eru:

- Börnin mikilvægust
- Kraftur fjölbreytileikans
- Faglegt menntasvið



Stefnan byggir einnig á fimm megináherslum sem eiga að ná yfir þá eiginleika og hæfni sem við viljum þroska og efla hjá börnum og ungmennum í leik og starfi. Áherslurnar er ætlað að stuðla að því að börnunum okkar líði vel og að þau njóti gæða menntunar til að takast á við áskoranir í nútíð og framtíð. Þessar áherslur eru:



SKÖPUNARGLEÐI



ALLIR MEÐ



VIÐ OG JÖRÐIN



MÉR LÍÐUR VEL



OPNUM HUGANN

HUGMYNDAFRÆÐI LEIKSKÓLANS

Hugmyndafræði Heiðarsels byggir á Heilsustefnunni en leikskólinn kom að stofnun Samtaka heilsuleikskóla í nóvember 2005 og hefur verið aðili að þeim samtökum frá upphafi. Í dag starfa 25 leikskólar eftir heilsustefnunni.



Markmið heilsustefnunnar er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á leik, hreyfingu, næringu og listsköpun í leik og starfi. Lögð er áhersla á að börnin fái hollan og fjölbreyttan mat í leikskólanum því hollt fæði er grunnur að almennri heilsu einstaklings svo sem líkamlegri og andlegri vellíðan, þroska, ónæmi og frammistöðu alla ævi. Í æsku er hollt fæði sérstaklega mikilvægt vegna þess að á þessu tímaskeiði fer fram mesti vöxtur og þroski ævinnar hjá barni. Lögð er áhersla á ferskleika og fjölbreytni, ávaxta- og grænmetisneyslu og dregið er úr notkun á óhollri fitu, salti og sykri. Vatn er aðgengilegt börnum á öllum deildum hvenær dagsins sem er. Í tengslum við heilsustefnuna var ákveðið að taka upp Heilsubók barnsins í leikskólanum. Heilsubók barnsins er gæðamatskvarði Heilsuleikskóla og segir til um hvort settum markmiðum heilsustefnunnar er náð. Hún hefur að geyma útfærð skráningarblöð varðandi þroska og ýmsar upplýsingar um barnið. Skráningin gerir okkur kleift að fylgjast með þroskaframvindu barnsins og er einnig tæki til að upplýsa foreldra um stöðu þess í leikskólanum. Til þess að ná fram þessum markmiðum hafa verið sett undirmarkmið sem eru eftirfarandi:

NÆRING:

- að borða hollan, fjölbreyttan og næringarríkan mat
- að börnin verði meðvituð um hollustu / óhollustu matar
- að matarvenjur verði í hávegum hafðar (matur, magn, samsetning).



HREYFING:

- auka vitneskju um líkamann
- stuðla að betri hreyfifærni (jafnvægi, styrkur, þol og úthald, samhæfing, kraftur)
- styrkja sjálfsmynd, betri samskipti
- læra hugtök og heiti (rýmishugtök, líkamsheiti).



SKÖPUN Í LEIK OG STARFI:

- örva sköpunargleði og fá útrás fyrir hugmyndir
- auka hugmyndaflug
- kynnast mismunandi efniviði, handfjatla hann og vinna með hann
- skynja form og fegurð í umhverfinu.



Leikskólinn byggir einnig á uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar (Restitution) sem kemur upphaflega frá Kanada og er höfundur hennar Diane Gossen. Í Heiðarseli var byrjað að vinna með stefnuna haustið 2012 en undirbúningsvinna hafði farið fram í nokkurn tíma áður. Heimaskóli Heiðarsels, Heiðarskóli vinnur einnig með Uppeldi til ábyrgðar og er stefnan því góður grunnur fyrir börnin sem síðan fara í Heiðarskóla.

Hugmyndafræði stefnunnar felst bæði í aðferð og stefnumörkun skóla til betri samskipta þar sem megin atriðið er að kenna börnum og starfsfólki sjálfsaga, sjálfstjórn og styrkingu sjálfsaga. Uppbyggingarstefnan leggur áherslu á lífsgildi og ábyrgð frekar en reglur og blinda hlýðni. Í stefnunni er gerð krafa á starfsfólk að það þekki þarfir sínar og sameinist um lífsgildi. Hún miðast einnig við að unnið sé með sameiginleg lífsgildi, jákvæðan aga og litið er á mistök þannig að þau séu til að læra af þeim. Uppbyggingarstefnan er viðamikil og tekur til allra þátta í daglegu starfi leikskólans þar sem mest er unnið með grunnþarfirnar, jákvæð samskipti, lífsgildi og sjálfsstjórn. Hugmyndafræði stefnunnar gengur út á það að öll börn séu í eðli sínu góð og vilji haga sér vel.

UPPBYGGINGASTEFNAN BYGGIR Á:

- jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum og gagnkvæmri virðingu
- ábyrgð hvers og eins á eigin hegðun (getum stjórnað okkur, ekki öðrum)
- að það er í lagi að gera mistök en mikilvægt að læra af þeim
- að finna leiðir til að uppfylla þarfir sínar á jákvæðan hátt án þess að það komi niður á öðrum sem eru í kringum mann.

UPPBYGGINGASTEFNAN HJÁLPAR TIL VIÐ:

- að skilja eigin hegðun
- að læra að jafna ágreining og vaxa af því

- að leiðrétta eigin mistök og læra af þeim
- að sættast við aðra
- að komast fljótt í jafnvægi eftir að hafa misst stjórn á sér.

LEIKSKÓLANÁM

Leikskólanám á að efla alhliða þroska barna, þ.e.a.s. efla mikilvægustu þroskaþættina sem samtvinna hjá barninu. Þessir meginþættir og samspil þeirra varða líkamsvöxt barna og hreyfifærni, tilfinningalíf, vitsmuni, félagsvitund og félagshæfni, fegurðarskyn og sköpunarhæfni, siðgæði og lífsviðhorf. Barnið er í brennidepli í leikskólastarfi og starfshættir eiga að taka mið af þroska og þörfum hvers barns. Leikskólanám er samþætt nám þar sem námssvið og námsþættir fléttast inn í daglegt líf og leik barnsins.

LEIKURINN

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins, hann er kennsluaðferð leikskólakennarans og námsleið barnsins. Rannsóknir sýna að börn á leikskólaaldri læra mest og best í gegnum leik. Í bernsku er leikurinn ígildi náms. Hinn frjálsi og sjálfsprottni leikur barnsins er talinn „leikur leikjanna“. Í frjálsum leik er barnið að skapa leikinn úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og lærir að leita lausna. Í leik er barnið einbeitt og upptekið af augnablikinu. Fjölpætt reynsla elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Sköpunarþörf, virkni og hugmyndaflug barna birtist í leikjum þeirra. Í leikjum fá börnin hreyfipörf sinni fullnægt og þau þjálfra hreyfingar sínar og líkamsstjórn. Í þykjustu- og hlutverkaleikjum og öðrum samleikjum lærist börnum nauðsyn þess að vinna saman og taka tillit hvert til annars á jafnréttisgrundvelli. Í leik öðlast börnin samkennd og vináttu. Í skipulögðum leikjum og regluleikjum læra þau einfaldar samskiptareglur og að virða rétt annarra, í slíkum leikjum vaknar og þróast lýðræðisvitund þeirra.

NÁM Í LEIK

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla.

Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða leikinn, hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfi barnanna. Fullorðnir og börn eru hluti af því umhverfi. Leikskólakennarar leggja áherslu á mikilvægi leiksins til náms og



GLEÐI

þroska. Hinn sjálfsprottni leikur er æðstur allra leikja. Margs konar reynsla barnsins, svo og dagleg störf fullorðna fólksins, glæða leik barnanna lífi og innihaldi.

NÁM Í DAGLEGU LÍFI LEIKSKÓLANS

Leikskólanám er samþætt nám þar sem barnið er að læra allan tímann við mismunandi aðstæður. Leikskólakennarar nota öll tækifæri sem gefast til að örva nám barnanna, t.d. í matartímum, fataherbergi og á snyrtingu. Umönnun og daglegar venjur eru stór hluti af leikskólastarfinu. Umönnun er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust.

NÁM Í SAMSKIPTUM

Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Leikskólakennarar stuðla að því að öll börn njóti sín í samskiptum og læri að taka tillit til annarra. Sjálfsmynd barna mótast hvað mest í samskiptum við annað fólk, bæði fullorðna og börn. Samvinna, samkennd, tillitssemi og ábyrgðartilfinning eru mikilvægir þættir í félagsþroska barna. Starfsfólk leikskóla eru fyrirmyndir barnanna í orði og athöfnum.

NÁM Í SKAPANDI STARFI OG SKAPANDI HUGSUN

Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem börn verða að þróa með sér. Allt skipulag og búnaður í leikskólanum stuðlar að því að vekja forvitni barnanna, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þeirra. Leikskólakennarar hvetja börnin til að spyrja spurninga og velta fyrir sér lífinu og tilverunni. Þeir skapa einnig aðstæður til tjáningar og sköpunar í leik, máli, myndlist, tónlist, leiklist, hreyfingu og dansi. Þannig gefst börnunum tækifæri til að skynja umhverfi sitt, vinna með fjölbreyttan efnivið og öðlast víðtæka reynslu.

NÁMSUMHVERFI

Umhverfi leikskólans er mikilvægur áhrifapáttur í námi barna og þarf að taka mið af reynslu, áhuga og þroska ólíkra barna. Húsnæði og búnaður leikskóla, leikvöllur og nærumhverfi mynda námsumhverfi leikskóla því leikskólabörn læra bæði úti og inni.

Í Heiðarseli eru fjórar aldursskiptar deildir sem bera nöfnin Hof (2ja-3ja ára), Hóll (3ja-4 ára), Brekka (4-5 ára) og Bakki (5-6 ára). Hver deild er sniðin að hverju aldurstigi fyrir sig hvað varðar aðbúnað og leikefni. Hverri deild er skipt upp í svæði eins og heimakrók, listakrók, leikstofu o.s.frv. Fataklefi og salerni fylgja svo hverri deild. Einnig hafa börnin aðgang að íþróttasal sem er annars vegar notaður í hreyfingu, með íþróttakennara, sem og aðrar uppákomur.

Útisvæði leikskólans er sérstaklega hannað með möguleika á margþætta hreyfingu í huga. Umhverfið er haft eins náttúrulegt og unnt er, þar eru grjót til að klifra í, trjádrumbar til að æfa jafnvægi og stökk og þar eru mishæðir og hólar sem hægt er að renna sér niður á veturna og velta sér á sumrin. Útivera er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi, jafnt sumar sem vetur og einn af aðaláherslupáttum heilsustefnunnar. Áhersla á útiveru er mikil og oft er leikið úti við bæði fyrir og eftir hádegi en það er undantekning ef börn eru inni sökum veðurs. Á sumrin er útiveran jafnvel oftar yfir daginn og stendur lengur yfir. Íslenskt veðurfar getur stundum verið rýsjótt en lögð er áhersla á að börnin kynnist veðráttunni eins og hún er hverju sinni og fari í útiveru alla vega einu sinni á dag. Gott veður er einnig nýtt til gönguferða um nærumhverfi leikskólans.

DAGLEGT LÍF

Þegar börnin mæta í Heiðarsel byrja þau á því að velja sér svæði í frjálsum leik. Morgunmatur stendur yfir frá kl. 8 – 8:50 og koma þau að borðinu þegar þeim hentar. Á milli klukkan 9:00 og 10 er haldið að stað í hringekju, eftir hringekjuna setjast allir saman í heimakrók, spjalla saman, lesa bók/syngja og gæða sér á ávöxtum. Þegar því er lokið halda allir af stað í fataklefa að klæða sig fyrir útiveru. Klukkan er orðin rúmlega 11 þegar börnin koma inn úr útiveru og þá tekur við hádegismatur og hvíld. Eldri deildir hlusta á sögur í hvíldinni eða Hugarfrelsi en börnin á yngri deildum fara flest að sofa og þau sem ekki sofa fá sögulestur í rólegu umhverfi. Eftir hvíldina eða um kl. 13 tekur við útivera, vinnustundir eða hreyfing og fer það eftir deildum hvað á við hverju sinni. Ef veður leyfir enda börnin daginn sinn á útiveru á skemmtilegu útsvæði leikskólans.

AÐLÖGUN NÝRRRA BARNA

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barn og foreldra þess. Þegar barn byrjar í Heiðarseli eru foreldrar boðaðir í viðtal og þeim kynnt starfsemi leikskólans. Allt er framandi og ókunnugt og er því mikilvægt að vel sé staðið að aðlögun í upphafi. Hvernig til tekst í byrjun getur haft áhrif á alla leikskólagöngu barnsins. Til að auðvelda barninu aðlögunina bjóðum við upp á þriggja daga þátttökuaðlögun. Á fjórða degi koma foreldrar með börnin sín og sækja þau eftir að hvíld er lokið og á fimmta degi eru börnin sótt á umsömdum dvalartíma. Aðlögunin byggir á þeirri hugmynd að öruggir foreldrar smita eigin öryggiskennd yfir til barna sinna. Jafnframt gefst foreldrum tækifæri til að kynnast öðrum foreldrunum og börnum þeirra. Þátttökuaðlögun byggir á því að foreldrar séu þátttakendur frá fyrsta degi. Þeir dvelja inn á deild með börnunum allan tímann og taka með beinum hætti þátt í daglegu starfi deildarinnar. Foreldrar fylgja börnum sínum í leik og starfi, skipta á og gefa þeim að borða. Leikskólakennarar skipuleggja aðlögunina þannig að foreldrar kynnist því hvernig dagurinn gengur fyrir sig í leikskólanum.

SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA

Með kennslu barna með frávík er leitast við að mæta ólíkum þörfum þeirra þannig að hvert og eitt fái notið sín til fulls í barnahópnum. Í Heiðarseli fá börn með sérþarfir úthlutað sérkennslutímum samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur. Sérkennslustjóri hefur umsjón

með og ber ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd, einstaklingsnámskrám og endurmati sérkennslu. Sérkennslustjóri sér um samskipti við foreldra, sérfræðinga og ráðgjafa sem koma að málum barna ásamt deildarstjóra og öðru fagfólki. Þannig er hægt að vinna markvisst með hvert barn bæði í leik og starfi. Áhersla er lögð á mikilvægi þess að hafa áhrif á þroskaframvindu barna með frávík í þroska með markvissum aðgerðum eins snemma og hægt er. Tímabilið frá fæðingu til sex ára aldurs er það tímabil í lífi barna sem snemmtæk íhlutun er yfirleitt miðuð við. Íhlutun getur hafist hvenær sem er á þessu tímabili en lögð er áhersla á að hún hefjist sem fyrst eftir að frávík í þroska hafa greinst.

Markmið kennslu barna með sérþarfir er að:

- styðja sem best við barnið svo það fái notið leikskóladvalar sinnar til fullnustu
- skapa öllum börnum jöfn skilyrði til leiks og náms
- fötlun eða sérstaða barns standi ekki í vegi fyrir því að barnið upplifi sig sem jafningja hinna barnanna í hópnum
- örva alla þroskaþætti barnsins.

GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR

Grunnþættir menntunar eru settir fram í Aðalnámskrá (Aðalnámskrá leikskóla, 2011) til að leggja áherslu á samfélagsleg markmið og markmið sem varða menntun hvers og eins einstaklings. Grunnþættirnir eiga að speglast í öllu námi sem fer fram í skólum og áherslur þeirra að fléttast inn í daglegt starf í leik og námi barna þannig að horft sé út frá þroska og getu hvers barns.

Grunnþættir menntunar eru:

- læsi (talað mál og ritað, samræður, málörvun, læsi í umhverfi og samskipti)
- heilbrigði og velferð (andleg og líkamleg heilsa barna, hvíld, næring, umhyggja, vellíðan, hreinlæti, útivera, hreyfing, jákvæð sjálfsmynd)
- sjálfbærni (umgengni, virðing fyrir umhverfinu, skilja samhengi hluta. Bera ábyrgð á eigin lífi og heilbrigði)
- sköpun (listsköpun, prófa fjölbreyttan efnivið, fá útrás og prófa eitthvað nýtt, leikurinn, leikræn tjáning, söngur, tónlist, dans)

- lýðræði og mannréttindi (tryggja jafnan rétt, hafa áhrif og vald, rökræður/gagnrýni, taka afstöðu, virkni og þátttaka, félagsleg hæfni/umburðarlyndi/samkennd)
- jafnrétti (allir fá að njóta sín, jafna aðstöðumun, viðfangsefni).

Grunnþættir menntunar tengjast innbyrðis, eru háðir hver öðrum og með því að hugsa út frá þeim má skapa meiri heildarsýn um skólastarfið. Skipulagið innan leikskólans þarf að endurspegla þá heildarsýn sem grunnþættirnir móta. Þeir eru skilgreindir til að skerpa markmið skólanna og tengja þau saman (Aðalnámskrá leikskóla, 2011 bls. 11-12).

NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLANS

Námssvið leikskólans taka mið af grunnþáttum menntunar sem byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum leikskólans. Í Aðalnámskrá er lögð áhersla á gildi leiksins og að við skipulagningu leikskólastarfs skal jafnframt taka mið af leiðarljósum leikskóla, grunnþáttum menntunar og námssviðum leikskóla (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

Námssvið leikskólans eru eftirfarandi:

- Læsi og samskipti.
- Heilbrigði og vellíðan.
- Sjálfbærni og vísindi.
- Sköpun og menning.
- Lýðræði og jafnrétti.



LÆSI OG SAMSKIPTI:

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (Aðalnámskrá leikskóla, 2011) er læsi í víðum skilningi mikilvægur þáttur í samskiptum. Málproski er grunnur lesskilnings sem er síðan lykillinn að námi barna. Læsi felur í sér þekkingu og leikni barna til að lesa í umhverfi sitt og tjá tilfinningar sínar, upplifanir og skoðanir á fjölbreyttan hátt. Þau þurfa að spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Auk tungumálsins nota börn ýmiss konar hljóð, snertingu, látbragð, tónlist, leikræna tjáningu, myndmál og dans til að tjá sig. Því er lögð áhersla á að efla málþroska í leikskólanum með því að auka orðaforða, hugtakaskilning og að efla tjáningu og hlustun.

Læsi í leikskóla snýst ekki eingöngu um orðanotkun eða bókstafaþekkingu heldur lærir barn smá saman að lesa í umhverfi sitt út frá upplifunum sínum. Börn eru félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti við aðra því í gefandi samskiptum og leik eykst félagsfærni og sjálfsmyndin styrkist. Í Heiðarseli er læsi einn af áhersluþáttum í starfi leikskólans, þar sem markmiðið er að bæta ofan á fyrri þekkingu barnsins. Lögð er áhersla á að ritmálið sé sýnilegt í umhverfinu þar sem hólf,

skúffur og kassar undir leikefni, leiksvæði, hurðir, gluggar og eiginlega allt er merkt með bókstöfum og tölustöfum. Sjónrænt skipulag styður við málskilning barna og auðveldar þeim að lesa í umhverfi sitt. Umhverfi í leikskólanum er skapað þannig að það vekir áhuga barnanna og að allt nám fer fram í gegnum leik þar sem börnin hafa samskipti við önnur börn og kennara.

Auk skipulagðra málörvunarstunda fléttast málörvun inn í allt daglegt starf leikskólans eins og matartíma, útiveru, í fataklefa, samverustundir, frjálsan leik og vettvangsferðir þar sem börnin læra að lesa í nærumhverfi sitt. Öll börn fara 1x í viku í tónlistartíma hjá tónlistarkennara, þar er mikið unnið með læsi og samskipti í tengslum við söng, hljóðfæri, tónverk og ýmiss konar leiki.

Í læsi og samskiptum er hlutverk kennarans mikilvægt, hann þarf að hlusta á börnin til að auðga læsi þeirra út frá áhugasviðum þeirra. Það hjálpar barni að setja hlutina í samhengi. Kennarar þurfa að vera meðvitaðir um að hafa námsefnið áhugavert svo það kveiki áhuga barna til náms. Einnig er vandað til um val á vettvangsferðum til að auka umhverfislæsi barnanna.

Í Heiðarseli er lesið fyrir öll börn minnst einu sinni á dag. Hlutverk kennarans er að vanda val á þeim bókum sem lesnar eru fyrir börnin og hafa í huga hvers konar menningu hann er að bjóða börnunum upp á í lesefninu. Við bókalestur er rætt um innihald sögunnar, orð sem koma fyrir, höfund bókarinnar og gerð hennar svo eitthvað sé nefnt. Leikskólinn á gott úrval bóka í bókasafni sínu. Einnig er bókakoffort, frá bókasafni Reykjanesbæjar, staðsett í leikskólanum og fer það milli deilda með ákveðnu millibili, þar geta foreldrar fengið bækur lánaðar heim.

Læsi og samskipti birtast í eftirtöldum áherslum í Heiðarseli.

Dagleg málörvun	Daglegar athafnir, í leik, hlustun, söng, spilum, lestri, samverustundum og vinnustundum.
Málörvunarstund	1-2x í viku, 1-2 bókstafir/hljóð er lagt inn með öllum börnum tvær vikur í senn.
Elstu börnin	Sér verkefni, bókstafainnlögn fyrir þá sem þurfa, hringekja þar sem unnið er í þörum að hljóðkerfisvitundarverkefnum.
Bókalestur	Lesið er fyrir öll börn minnst einu sinni á dag og eru bækur aðgengilegar fyrir börnin.
Ritmálið	Bókstafir, tölustafir, allt er merkt með ritmáli, sjónrænar vísbendingar, áhersla á blýant, krot, teikningar og bókstafi.

Orðaspjall/orðaveggur	Unnið með orð úr bókum sem er verið að lesa, einföld og þung orð, orðapoka, orðin sett upp á vegg og unnið með merkingu orða.
Leikurinn	Hlutverkaleikur, frjáls eða skipulagður leikur.
Hreyfing	Bókstafir, leikir.
Tónlist	Bókstafir/hljóð, söngur, vísur, þulur, leikir.
Söngur	Morgunsöngur alla mánudag, söngstundir í sal, sungið í samverustundum, tónlistarkennari syngur/spilar á öllum deildum.
iPad	iPadar eru á öllum deildum, í þeim eru málörvunar- og læsis smáforrit eins og Lærum og leikum með hljóðin, Georg og félagar o.fl..
Samskipti/lífsleikni	Kennsluefnið Stig af stigi og vináttuverkefni barnaheilla er notað með tveimur elstu árgöngum skólans. Samskipti fara fram í öllu daglegu starfi leikskólans, í samskiptum við aðra, í leik og í vinnustundum.
Umhverfi	Vettvangsferðir, umferðaskólinn, ferðir að útilistaverkum tengt vinnu um Gogga og Valla á ferð og flugi í Reykjanesbæ og önnur samskipti við nærsamfélagið.
Elstu börnin	Skipulagðar heimsóknir í Heiðarskóla, útskrift að vori, útskriftarferð.

HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN:

Allt skólastarf þarf að efla heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan barna sem dvelja stóran hluta dagsins í skóla. Í Heiðarseli læra börnin að tileinka sér heilbrigða lífshætti, gildi hreyfingar, hollt matarræði, hvíld og mikilvægi hreinlætis. Góð hreyfigeta og vellíðan styður við góða sjálfsmynd barna og eflir sjálfstæði þeirra í daglegum athöfum. Börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfing er þeim mikilvæg þar sem hún eykur vellíðan, snerpu, þol og gleði auk þess sem hún styður við andlegan- og líkamlegan þroska barna. Í leikskólanum er skipulögð hreyfing þar sem lögð er áhersla á að vinna með samhæfinu hreyfinga, úthald og styrk, jafnvægi og öryggi. Skipulag er fjölbreytt í hreyfingu sem tengjast málörvun og stærðfræði í

leikskólanum. Börnin fá einnig hreyfingu í útivist þar sem tækifæri gefast til leikja og hreyfingar í náttúrulegu og krefjandi umhverfi.

Til að börnin geti endurhlaðið líkama sinn þurfa þau hvíld yfir daginn. Hvíldartímar eru þegar börnin hafa borðað hádegismat og fer hvíldin eftir þörfum barna hverju sinni en hugað er vel að því að allir fái hvíld frá daglegu amstri.

Í leikskólastarfinu fá börnin tækifæri til að njóta styrkleika sinna sem er lykilþáttur í að byggja upp jákvæða sjálfsmynd. Velferð þeirra skiptir miklu máli og fá þau að njóta umhyggju, hlýju og virðingar sem er forsenda þess að vaxa og þroskast í leik og starfi. Það er því hlutverk kennaranna í skólanum að tryggja góðan skólabrag og stuðla að jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum til að efla þroska og góða líðan barnanna.

Heilbrigði og vellíðan birtast í eftirtöldum áherslum í Heiðarseli.

Hreyfing	Skipulagðar hreyfistundir í sal, elstu börnin fara reglulega í íþróttahús Heiðarskóla, dans, vettvangsferðir, íþróttavíkur að vori, leikir og þrautabrautir á útisvæði og Heiðarselshlaupið.
Hvíld	Yngstu börnin sofa, önnur börn hvílast á dýnu og hlusta á sögu/tónlist eða eru í rólegri samverustund í hádegis.
Útivist	Dagleg útivera og frjáls leikur minnst 1x á dag ef veður leyfir, vettvangsferðir.
Tannvernd	Fræðsla um hollt/óhollt matarræði, sérstaklega unnið með forvarnir í tannverndarviku ár hvert.

SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI

Í Aðalnámskrá leikskóla (Aðalnámskrá leikskóla, 2011) segir að börn beiti ýmsum aðferðum við að kanna og reyna að skilja umhverfi sitt. Þau horfa, hlusta, snerta, bragða, handleika, flokka, bera saman, rannsaka og draga ályktanir. Vísindanám er því mikilvæg leið í þroska á námi hvers barns. Það er hlutverk leikskóla að skapa börnum umhverfi og grípa þau tækifæri sem gefast í leik og starfi þar sem þau eiga möguleika á að upplifa og uppgötva og taka þátt í félagslegum samskiptum. Það gerum við með því að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugtökum og hugmyndum.



Stærðfræði er einn af áherslupáttum í leikskólastarfi Heiðarsels og er hún mjög sýnileg í starfi leikskólans. Börnunum er boðið upp á umhverfi þar sem þau geta skapað, upplifað og dregið ályktanir um leið og þeim er kennt að bera virðingu fyrir umhverfinu.

Sjálfbærni og vísindi birtast í eftirtöldum áherslum í Heiðarseli.

Stærðfræði	Stærðfræði í daglegu líf, stærðfræðitímar, stærðfræðikrökur í frjálsum leik, Numicon kennsluefni, rannsóknir, vatn, ýmiss konar kubbar, vigtun/þyngd hluta, verðlaust efni.
Hreyfing	Form, tölustafir, hugtök eru fléttuð inn í þemu í hreyfingu.
Gryfjan	Ferðir í Gryfjuna, gróðursetning, tína rusl, fræðsla um náttúruna, lífrænn úrgangur úr eldhúsi.
Útivera	Fræðsla um umhverfið/ skordýr, blóm, tré og umgengni, skoða, prófa og ræða saman.
iPad	Stærðfræðileikir með tölustöfum og formum
Könnunarleikur/yngri börnin	Leikur, rannsaka/kanna, óhefðbundinn efniviður. Upplifun, hugtök, fjarlægðir, tölur/húsnúmer, áttir, rými.
Vettvangsferðir	Farið í bæði stuttar og langar ferðir þar sem börnin skoða tölur í umhverfinu.
Endurvinnsla	Endurnýta efnivið og verðlaust efni.
Almennt um umhverfið	Virðing fyrir náttúrunni, hreinsa upp rusl, fræðsla um umhverfið.

SKÖPUN OG MENNING:

Sköpun og menning er mikilvægur þáttur í þroska og námi hvers barns. Skapandi starf þarf fyrst og fremst að beinast að gleði, tjáningu og náminu sjálfu svo hugmyndir og tilfinningar barnsins fái að njóta sín. Menning er samofin öllu starfi í leikskólanum þar sem hún tengist inn í leik þeirra, lýðræði og skapandi starf. Hlutvert kennarans er að gera barninu kleift að nálgast viðfangsefni frá mörgum þáttum á eigin forsendum. Kennarinn þarf að fá börnunum nýjar áskoranir til að takast á við og gæta þess að velja leiðir sem hvetja til skapandi hugsunar og sjálfstæðra vinnubragða. Á Heiðarseli er áhersla lögð á að barnið fái að njóta augnabliksins þegar það fær hugmyndir og fær það tækifæri til þess að koma þeim frá sér. Lítil áhersla er lögð á útkomuna því það sem skiptir mestu máli er ánægjan sem barnið upplifir við þá vinnu sem það vinnur af gleði. Hlutvert kennarans er að hafa efnivið leikskólans aðgengilegan fyrir börnin, það fer þó eftir aldri og þroska hver efniviðurinn er hverju sinni.

Sköpun fléttast inn í marga þætti leikskólastarfsins eins og hreyfingu, listir og tónlist þar sem börnin syngja og vinna með ýmiss konar ævintýri, dans, vísur, þulur, útbúa búninga og grímur fyrir ýmsa viðburði sem gestum er síðan boðið á. Í leikskólanum hafa skapast ákveðnar hefðir sem eru hluti af menningu leikskólans. Oftast er um að ræða eitthvað sem er spennandi og áhugavert fyrir börnin eins og þegar þau bjóða foreldrum sínum, ömmum eða öfum að koma í leikskólann og eru þá gjarnan með einhverja uppákomu.

Sköpun og menning birtast í eftirtöldum áherslum á Heiðarseli.

Listsköpun	Efniviður- hefðbundinn og óhefðbundinn, áhöld og ýmis búnaður.
Leikur	Einingakubbar, lego, kaplakubbar, plúskubbar, hlutverkaleikur, frjáls leikur bæði inni og úti.
Tónlist	Tónlistartímar, söngur, hljóðfæri, söngstundir, Heiðargleði, dans.
Hreyfing	Tjáning og dans.
Listasvæði	Sköpun með ýmiss konar efnivið.

Hefðir og siðir	Afmæli, dagur leikskólans, dagur stærðfræðinnar, bollu-sprengi- og öskudagur, sumarhátíð, íþróttavikur, jólaskeið, dagur íslenskrar tungu, bónda- og konukaffi, útskriftarhátíð elstu barna.
Menning	Opnunarhátíð Ljósanætur, Listahátíð barna í Reykjanesbæ.
Útilistaverk	Vettvangsferðir að útilistaverkum í tengslum við Gogga og Valla á ferð og flugi í Reykjanesbæ.

LÝÐRÆÐI OG JAFNRÉTTI:

Leikskólastarf á að byggja á jafnrétti, umhyggju, fjölbreytileika, samvinnu og samkennd ásamt því að virða ólík sjónarmið. Á Heiðarseli er lögð áhersla á að börnin sýni hvert öðru samkennd, séu góð hvert við annað og læri að leysa ágreining á jákvæðan hátt. Áhersla er lögð á að börnin finni að þau séu hluti af hópnum, þau fá tækifæri til að láta skoðanir sínar í ljós, eru hvött til sjálfstæðrar hugsunar og fá mörg tækifæri til að vera þátttakendur í ákvarðanatöku í leikskólastarfinu. Hlutverk kennarans er því að skapa aðstæður þar sem réttur allra er jafn, hlusta og taka þátt án þess að taka frumkvæðið af börnunum. Öll börn hafa jafnan rétt til náms óháð aldri, þroska, kyni, þjóðerni og trúarbrögðum. Leikskólanum ber að skipuleggja skólastarfið þannig að þörfum hvers og eins sé mætt á hans forsendum í samstarfi við foreldra og skólafyrirvöld. Börn með sérþarfir eru því til jafns við önnur börn og er skipulag sérkennslu háttað þannig að þau geti sem mest verið í samskiptum við önnur börn og tekið þátt í leikskólastarfinu eins og kostur er.

Leiðir sem unnið er með í jafnrétti og lýðræði:

- í daglegu starfi gefst börnum kostur á að tjá skoðanir sínar, hlusta á hvert annað og skiptast á skoðunum
- allir fá sama tækifæri til leikja
- börnin velja sér leiksvæði og eru hvött til að standa við val sitt
- börnin fá tækifæri til að velja verkefni sem unnið er með, velja hvert er verið að fara í vettvangsferð og taka þátt í starfi deildarinnar
- gerðar eru kannanir, til dæmis á uppáhalds ávöxtum eða skemmtilegustu íþrótt sem er síðan sett upp í súlurit



- unnið með söngva, sögur og leiki sem tengjast fjölbreyttri menningu
- efniviður er hafður við hæfi aldurs, þroska og getu
- við matarboðið eru lýðræðisleg vinnubrögð þar sem börnin skammta sér sjálf, þar er gott tækifæri til tjáskipta þar sem börnin geta sagt skoðanir sínar og tekið tillit til skoðana og sjónarmiða annarra
- börnin velja matseðla í samráði við matráð
- elstu börnin taka þátt í verkefni Brunavarna Suðurnesja þar sem þau fara um skólann og kanna hvort brunavarnir séu í lagi. Þau vinna einnig verkefnabók tengda þessu verkefni og fara með hana heim og kanna brunavarnir þar
- foreldrar taka þátt í leikskólastarfinu í gegnum börn sín. Í aðlögun, foreldraviðtölum og daglegum samskiptum við aðra foreldra, starfsmenn og börn.

MAT Á NÁMI OG VELFERÐ BARNA

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að upplýsingum er safnað um það sem börnin fást við og hafa áhuga á, það sem þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar notar leikskólinn til að styðja við nám og velferð barnanna og á skipulag starfsins að taka mið af þessum upplýsingum. Upplýsingar frá foreldrum eru mikilvægar því það eru þeir sem búa yfir upplýsingum um áhuga, getu, hæfni og styrkleika barnsins.

Í Heiðarseli á hvert barn Heilsubók sem skráð er í tvisvar sinnum á ári frá upphafi leikskólagöngu. Í bókina er skráð heilsufar, hæð, þyngd, félagsleg færni, úthald, málþroski, þekking á litum og formum, hreyfifærni, samskipti, næring, svefn og færni í listsköpun. Skráning í heilsubók barnsins gerir kennurum og foreldrum kleift að fylgjast með þroskaframvindu barnsins en farið er yfir bókina í foreldrasamtölum sem eru tvisvar á ári. Heilsubók barnsins gefur kennurum tækifæri á að meta styrk hvers og eins og einnig á því að efla betur og hvetja einstakling svo hann njóti sín sem best í leik og starfi. Heilsubókin er nú orðin rafræn og þegar leikskólagöngu lýkur er hún eign barnsins sem foreldrar/forráðamenn geta nálgast rafrænt.

Önnur matstæki sem eru notuð í leikskólanum eru: Íslenski smábarnalistinn, Íslenski þroskalistinn, Orðaskil, EFI-2 málþroska skimun fyrir 3-4 ára börn, Hljóm-2 sem er athugun á hljóðkerfisvitund barna 4,6 ára til 5,9 ára og myndbandsupptökur sem er eytt eftir notkun.

FJÖLSKYLDAN OG LEIKSKÓLINN

Líðan barns í leikskóla er samtvinnuð velferð fjölskyldu þess og heimilis því er mikilvægt, við upphaf leikskólagöngu, að skapa jákvæðni og gott traust milli heimilis og skóla. Með hag barnanna að leiðarljósi byggir leikskólinn samstarf sitt við foreldra. Sjónarmið foreldra og framlag þeirra til leikskólastarfsins er mikilvægur þáttur svo mögulegt sé að hafa heildarsýn á velferð og vellíðan barna.

Við upphaf leikskólagöngu barns fá foreldrar samtal með leikskólastjóra og deildarstjóra þar sem móttökuáætlun er fyllt út og einnig fá foreldrar sendan kynningabækling um starf skólans. Einnig er haldinn kynningafundur fyrir foreldra þar sem starf leikskólans er kynnt enn betur og námskrá fyrir aldur barnsins afhend en þar koma fram almennar upplýsingar um leikskólastarfið og þeir námsþættir sem unnið er með. Á fyrstu dögum barnsins í leikskólanum er mikilvægt að lagður sé grunnur að góðu foreldrasamstarfi og því þurfa bæði foreldrar og kennarar að leggja sig fram við að kynnast hvert öðru.

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Foreldrafélag Heiðarsels var stofnað vorið 1991. Allir foreldrar/forráðamenn barna í Heiðarseli verða sjálfkrafa félagar um leið og börn þeirra hefja dvöl í leikskólanum. Markmið félagsins er að efla tengsl milli foreldra/forráðamanna og starfsfólks leikskólans og stuðla að góðri samvinnu þessara aðila til að tryggja velferð barna í Heiðarseli. Foreldrafélagið er einnig hugsað sem skemmtifélag þar sem foreldrar/forráðamenn hittast með börnin utan leikskólans.

Foreldraráð er einnig starfandi við leikskólann en samkvæmt lögum er skylda að hafa slík ráð og í því sitja þrír fulltrúar foreldra/forráðamanna. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrár og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðið á einnig að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldra/forráðamenn. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

UPPLÝSINGAFLÆÐI

Ýmsar leiðir eru notaðar til efla tengsl milli heimilis og skóla og skipta þar dagleg samskipti mestu máli. Við hverja deild eru upplýsingatöflur þar sem kennarar skrifa skilaboð og setja upp auglýsingar þegar það á við. Leikskólinn er með heimasíðu www.reykjanesbaer.is en þar eru helstu upplýsingar um leikskólann. Kennarar nota vala.is til ýmissa skráninga og einnig er foreldrum/forráðamönnum sendar upplýsingar í gegnum tölvupóst.

HEFÐIR OG SIÐIR

Afmælisdagur barnsins:

Sérstakur dagur þar sem barnið fær að njóta sín. Afmælisbarnið fær að búa sér til afmælistórnúna, velja sér disk fyrir hádegismatinn og bíður börnunum á deildinni upp á saltstangir. Sungið er fyrir barnið afmælisöng sem og lag sem barnið velur. Ef barnið á systkini í leikskólanum er því boðið í heimsókn á deild afmælisbarnsins til að gæða sér á saltstöngum ásamt börnum deildarinnar.

Afmæli leikskólans:

Haldið er upp á afmæli leikskólans 8. október ár hvert.

Dagur íslenskrar tungu:

Haldið er upp á dag íslenskrar tungu 16. nóvember með ýmsum hætti. Hefð hefur skapast fyrir því að elstu börn leikskólans skemmti sér og öðrum með söng, leikþáttum og þulum, t.d. með því að fara í heimaskóla leikskólans og sýna yngstu bekkjum grunnskólans atriði.

Jólahefðir:

Í desembermánuði er komið að undirbúningi jólanna og er það gert með ýmsum hætti. Má þar nefna að öll börn búa til jólagjöf handa foreldrum/forráðamönnum sínum, börnin mála piparkökur sem foreldrum/forráðamönnum er svo boðið upp á í foreldrakaffi sem haldið er í desember, sungin eru jólalög, jólaball er haldið í salnum ásamt ýmsu fleiru.

Bónða/konudagur:

Foreldrum er boðið í heimsókn í tengslum við þessa daga.

Þorrablót: Þorrablót er haldið í byrjun þorra í salnum þar sem rætt er um gamla tíma og siði, gamlir munir skoðaðir og börnunum er boðið að smakka hefðbundinn þorramat.

Bolludagur, sprengidagur, öskudagur:

Á bolludag fá öll börnin rjómobollu og boðið er upp á kjöt- eða fiskibollur í hádegismat. Á sprengidag er boðið upp á saltkjöt og baunir í hádeginu. Á öskudag mega, þeir sem vilja, koma í furðufötum eða búningum þar sem stríðsleikföng eru ekki í boði.

Íþróttavika:

Í maí/júní er skipulögð hreyfing færð út á útisvæði leikskólans. Þá er áhersla lögð á að skipuleggja dagskrá á eins fjölbreyttan hátt og hægt er og einnig er farið í hina ýmsu útileiki og vettvangsferðir.

Heiðarselshlaup:

Hlaupið er haldið í tengslum við alþjóðlegan dag hreyfingar sem er 10. maí ár hvert. Þá taka öll börn leikskólans þátt og skokka/ganga ákveðna vegalengd sem tekur mið af aldri og getu barnanna.

Sumarhátíð:

Sumarhátíð er haldin ár hvert þar sem sumri er fagnað með mismunandi dagskrá á milli ára. Stundum er dagskráin aðkeypt, en þá býður foreldrafélag leikskólans upp á leikrit eða annað skemmtiefni og/eða boðið er upp á skemmtiatriði sem starfsfólk og börn flytja saman. Á þessum degi er boðið upp á veitingar og eru foreldrum/forráðamönnum boðið að taka þátt í hátíðinni.

Útskrift elstu barna:

Í maí, ár hvert, fara elstu börn leikskólans ásamt starfsfólki deildarinnar í útskriftarferð sem er oftast dagsferð. Útskriftarhátíð er haldin þar sem börnin bjóða fjölskyldu á hátíðina. Boðið er upp á skemmtiatriði eða aðra uppákomu.

Þegar börn hætta í leikskólanum:

Þegar barn hættir í leikskólanum er haldin kveðjuveisla og barninu er fært kveðjukort til að minnast leikskóladvalarinnar.

Hefðir leikskólans varðandi fána:

Í Heiðarseli er íslenski fáninn dreginn að húni á hefðbundnum fánadögum og einnig þegar tilefni gefast til í starfinu. Fána Samtaka heilsuleikskóla er flaggað er ávallt flaggað við sérstök tilefni.

TENGL SKÓLASTIGA

Þegar barn lýkur leikskólagöngu sinni og fer yfir í grunnskólann eiga sér stað miklar breytingar í lífi þess. Umhverfi og starfshættir skólastiganna er ólíkt og því er mikilvægt að undirbúa börnin eins vel og hægt er. Brúum bilið er samstarfsverkefni leik- og grunnskóla sem hefur verið unnið með til margra ára í Reykjanesbæ. Verkefnið byggir á því að mynda samfellda heild milli skólastiganna þannig að reynsla og nám barna á fyrri skólastigum nýtist þeim á því næsta. Þannig verður sú þekking og þau viðfangsefni sem börnin fást við í leikskólanum að þeim grunni sem grunnskólanámið byggist á. Heiðarskóli er heimaskóli Heiðarsels og fara öll börn leikskólans í aðlögun þangað. Þau börn sem fara í aðra skóla fara einnig í heimsóknir þangað að vori.

Markmið samstarfsins eru að:

- brúa bilið milli leik- og grunnskóla
- stuðla að vellíðan nemanda við flutning milli skólastiga
- mynda samfellu í námi nemanda
- nemandi upplifi grunnskóla sem eðlilegt framhald leikskólans
- skapa farveg fyrir upplýsingar milli skólastiganna.

Að hausti og svo að vori hittast deildarstjóri yngra stigs Heiðarskóla og aðstoðarleikskólastjóri og setja saman skipulag fyrir heimsóknir barnanna í Heiðarskóla yfir veturinn. Einnig eru skilafundir deildarstjóra og sérkennslustjóra til deildarstjóra yngra stigs að vori þar sem upplýsingum og gögnum um leikskólabörn er skilað. Þetta geta verið gögn frá greiningaraðilum, niðurstöður úr Hljóm-2 eða aðrar upplýsingar sem eru taldar mikilvægar fyrir velferð barnsins.



SAMVINNA

Heimsóknir í Heiðarskóla, eru að jafnaði einu sinni í mánuði yfir veturinn og fara börnin reglulega í heimsókn í íþróttasal skólans þar sem þau fá að kynnast íþróttatímum. Þau fara í tölvuver skólans í litlum hópum með kennurum Heiðarskóla, á bókasafn skólans, í kynnisheimsókn í litlum hópum þar sem þau skoða allan skólann og fara jafnvel inn í tíma þar sem systkini barnanna eru. Síðan fara börnin í kennslustund þar sem þau fara gjarnan með nesti og taka að fullu þátt í skóladeginum inni og úti. Annað samstarf er að elstu börnin taka þátt í degi íslenskrar tungu með börnum úr 1. bekk og þeim er oft boðið á leikrit og ýmsa viðburði í skólanum. Útskriftarhátíð

barnanna hefur einnig verið haldin í Heiðarskóla þar sem þar er góð aðstaða fyrir börnin til að vera með uppákomu og nóg pláss til að bjóða fjölskyldunni því þessi dagur er stór í lífi barnanna.

STARFSÁÆTLUN

Skólastjórnendur hafa umsjón með gerð starfsáætlunar sem gefin er út að hausti fyrir hvert skólaár. Í starfsáætlun er farið yfir það helsta sem unnið var að síðastliðið skólaár og það sem mun einkenna það næsta.

MAT Á LEIKSKÓLASTARFI

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla hefur mat á leikskólastarfi þann tilgang að réttindi leikskólabarna séu virt og þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Matið skiptist í innra mat, sem er unnið af kennurum, börnum og foreldrum og ytra mat sem unnið er af utanaðkomandi aðilum á vegum sveitarfélaga eða ráðuneyta (Aðalnámskrá leikskóla, 2011).

INNRA MAT

Ýmsir þættir í leikskólastarfinu eru metnir reglulega af starfsfólki, þ.e. skipulagsdagar og samskipti auk fyrirkomulags máltíða, vinnustunda, foreldraviðtala, útivistar og fleira. Með þessu endurmati er reynt að draga fram styrkleika og veikleika í starfinu og útlista áherslu- og umbótaþáttum komandi skólaárs. Endurmat fer fram í árlegum starfsmannasamtölum við annars vegar leikskólastjóra og hins vegar við deildarstjóra. Rafrænar kannanir á vegum leikskólans og Skólapúlsins eru lagðar fyrir starfsfólk annað hvert ár og kannanir með elstu börnum leikskólans eru lagðar fyrir að vori sem snýr að viðhorfum þeirra til leikskólans.

YTRA MAT

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 metur Menntamálaráðuneytið a.m.k. tvo leikskóla á ári. Einnig eru rafrænar viðhorfskannanir á vegum Reykjanesbæjar annað hvert ár. Þetta hjálpar til við að víkka sýn á leikskólastarfið.

HEIMILDASKRÁ

Aðalnámskrá leikskóla. (2011). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Gossen, D., (2007). Uppeldi til ábyrgðar. (Magni Hjálmarsson þýddi). (2. útgáfa). Útgáfufélagið Sunnuhvoll.